

	<b>I. EES-STOFNANIR</b>	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
94/EES/47/01	Starfsreglur ráðgjafarnefndar EES, samþykktar 8. febrúar 1994.....	01
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
94/EES/47/02	Tilkynningareglur um drög að tæknilegum reglugerðum.....	05
	3. EFTA-dómstóllinn	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
94/EES/47/03	Drög að auglýsingu um beitingu samkeppnisreglna EB gagnvart greiðslumiðlunarkerfum milli landa.....	08
94/EES/47/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.512 - UAP/Provincial).....	08
94/EES/47/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.513 - Rhône-Poulenc Italia/Ambiente).....	09
94/EES/47/06	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2745/94 frá 11. nóvember 1994 um kerfi til að hafa eftirlit með sendingum ákveðinna landbúnaðarafurða til Noregs frá öðrum aðildarríkjum.....	09

94/EES/47/07	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 1994 um aðra breytingu á ákvörðun 94/462/EB um tiltekna verndarráðstafanir vegna svínapestar í Þýskalandi og niðurfellingu á ákvörðun 94/178/EB.....	09
94/EES/47/08	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 1994 um merkingu og notkun svínakjöts við beitingu 9. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE.....	09
94/EES/47/09	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum.....	10
94/EES/47/10	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. nóvember 1994 um breytingu á ákvörðun 93/402/EBE um heilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð sem krafist er vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af héruðunum Chaco og Formósu (Argentínu) og ríkinu Santa Katarínu (Brasilíu).....	10
94/EES/47/11	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/34.861 - Morton-Bosch).....	10
94/EES/47/12	Orðsending um beitingu 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans gagnvart flokkum samninga og samstilltra aðgerða.....	11
94/EES/47/13	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 24. 10. til 4. 11. 1994.....	12
94/EES/47/14	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	14
94/EES/47/15	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.505 - Shell/Monteshell).....	15
94/EES/47/16	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/C-2/35167 - Dupont/Rhône-Poulenc).....	15

### 3. Dómstóllinn

## LEIÐRÉTTING

94/EES/47/17	Leiðrétting á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 1994 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og viðurkenndir eru í þriðju löndum vegna útflutnings nautgripafósturvísa til bandalagsins.....	16
--------------	---	----

# EES-STOFNANIR

## RÁÐGJAFARNEFND EES

### Starfsreglur ráðgjafarnefndar EES Samþykktar 8. febrúar 1994

94/EES/47/01

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

###### Samsetning

Ráðgjafarnefnd EES sem komið er á fót samkvæmt 96. gr. EES-samningsins skal skipuð sextíu nefndarmönnum. Efnahags- og félagsmálanefndin og ráðgjafarnefnd EFTA skulu hvor um sig skipa þrjátíu fulltrúa í ráðgjafarnefnd EES.

##### 2. gr.

###### Verksvið

- Verksvið ráðgjafarnefndar EES skal ná yfir öll efnahagsleg og félagsleg málefni sem varða EES.
- Ráðgjafarnefnd EES er heimilt að láta í ljós álit sitt í formi skýrslna eða ályktana, eftir því sem við á.
- Ráðgjafarnefnd EES skal nýta frumkvæðisréttinn, sem henni er skilyrðislaust veittur í EES-samningnum, með ákvarðanatöku á allsherjarfundum sínum.
- Ráðgjafarnefnd EES skal stuðla að því að styrkja sambandið milli aðila efnahags- og atvinnulífsins í ESB og EFTA.

##### 3. gr.

###### Skipun nefndarmanna

Efnahags- og félagsmálanefndin og ráðgjafarnefnd EFTA skulu skipa nefndarmenn í ráðgjafarnefnd EES úr sínum röðum að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir hvern allsherjarfund ráðgjafarnefndar EES. Fulltrúar ráðgjafarnefndar EFTA skulu tilnefndir af EFTA-ríkjum þar sem EES-samningurinn hefur gengið í gildi. Nefndarmenn sem eru skipaðir með þessum hætti skulu eiga sæti í nefndinni þar til stofnunin sem skipaði þá ákveður annað.

##### 4. gr.

###### Fastir áheyrnarfulltrúar

- Föstum áheyrnarfulltrúum er einnig heimilt að vera viðstaddir fundi ráðgjafarnefndar EES.
- Eftirfarandi stofnanir skulu því hver um sig skipa fastan áheyrnarfulltrúa: Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE), ráð evrópskra stéttarféлага (ETUC) og hópur III í efnahags- og félagsmálanefndinni.
- Hópur III í efnahags- og félagsmálanefndinni mun taka tillit til eins margra hagsmunahópa sem eiga fulltrúa í hópnum og mögulegt er þegar skipa á fastan áheyrnarfulltrúa.

##### 5. gr.

###### Aðrir áheyrnarfulltrúar

- Forsætisnefndin getur boðið öðrum áheyrnarfulltrúum, þar með töldum nefndarmönnum ráðgjafarnefndar EFTA frá löndum sem ekki eiga aðild að EES, sem tilnefndir eru af evrópskum fag- og stéttarsamtökum, að vera viðstaddir fundi ráðgjafarnefndar EES til að taka þátt í umræðum um tiltekin málefni.
- Beiðnum slíkra stofnana um þátttöku af þessu tagi er í fyrstu unnt að beina til viðurkennds hóps innan efnahags- og félagsmálanefndarinnar eða ráðgjafarnefndar EFTA.

##### 6. gr.

###### Fulltrúaskipti

Stofnanir sem að skipuninum standa geta hvenær sem er skipað aðra nefndarmenn eða fulltrúa í stað þeirra sem hafa verið skipaðir af nefndunum tveimur svo og fasta áheyrnarfulltrúa sem UNICE, ETUC eða hópur III í efnahags- og félagsmálanefndinni hefur

skipað.

### 7. gr.

#### EES-yfirlönd og ráðgjafarnefnd EES

1. Forseti EES-ráðsins getur fengið áheyrn hjá ráðgjafarnefnd EES.
2. Lögbær yfirlönd EES, svo og yfirlönd ESB og EFTA, geta einnig tekið þátt í störfum ráðgjafarnefndar EES.

### 8. gr.

#### Fundarstjórn

1. Formenn efnahags- og félagsmálanefndarinnar og ráðgjafarnefndar EFTA skulu fara sameiginlega með formennsku í ráðgjafarnefnd EES.
2. Samkvæmt starfsreglum beggja nefndanna er heimilt að tilnefna aðra til að sinna störfum formannanna beggja.

### 9. gr.

#### Forsætisnefnd

1. Ráðgjafarnefnd EES skal kjósa forsætisnefnd sem ber ábyrgð á undirbúningi, samræmingu og skipulagningu allsherjarfunda ráðgjafarnefndar EES. Forsætisnefndin skal auk þess sinna nauðsynlegum störfum á milli þess sem fundir eru haldnir.
2. Forsætisnefndina skulu skipa 18 nefndarmenn: níu frá efnahags- og félagsmálanefndinni og níu frá ráðgjafarnefnd EFTA, að formönnum tveimur meðtöldum.
3. Nefndarmenn forsætisnefndarinnar skulu skipaðir til tveggja ára samkvæmt starfsreglum hvorrar nefndar um sig. Stofnuninni sem skipaði þá er þó heimilt hvenær sem er að skipa aðra í þeirra stað.
4. Þegar samsetning forsætisnefndarinnar er ákveðin skal leitast við að taka fullt tillit til ólíkra aðildarríkja og greina efnahags- og atvinnulífsins sem hafa fulltrúa í nefndunum tveimur.

## II. KAFLI VINNUSKIPULAG

### 10. gr.

#### Allsherjarfundir

1. Ráðgjafarnefnd EES skal að öllu jöfnu funda tvisvar á ári, til skiptis í aðildarríki ESB og EFTA-ríki.
2. Í kjölfar ákvörðunar forsætisnefndarinnar, og að vel ígrunduðu máli, er ráðgjafarnefnd EES heimilt að halda aukafundi í Brussel eða Genf á sama tíma og allsherjarfundir efnahags- og félagsmálanefndarinnar og ráðgjafarnefndar EFTA eru haldnir.

3. Ýmsir hagsmunahópar (vinnuveitendur, verkalýðsfélög og aðrir hagsmunahópar) geta haldið undirbúningsfundi rétt fyrir allsherjarfundi ráðgjafarnefndar EES.

### 11. gr.

#### Ákvörðunartaka

1. Til þess að ákvarðanir ráðgjafarnefndar EES teljist gildar verður meirihluti nefndarmanna hennar að vera viðstaddur svo og meirihluti fulltrúa úr efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefnd EFTA hvorri um sig.
2. Meginreglan er sú að almennt samkomulag náist um skýrslur og ályktanir ráðgjafarnefndar EES.
3. Heimilt er að boða til atkvæðagreiðslu ef ljóst er að það er eina leiðin til að koma í veg fyrir að starfsemi ráðgjafarnefndar EES sé hindruð.
4. Heimilt er að setja fram mismunandi skoðanir í viðaukum við skýrslur og ályktanir ráðgjafarnefndar EES í þeim tilgangi að gefa skýrari mynd af afstöðu aðila atvinnulífsins.
5. Mismunandi skoðanir eru settar fram í skriflegum yfirlýsingum frá ýmsum hagsmunahópum.

### 12. gr.

#### Málsmeðferð við atkvæðagreiðslu

1. Þegar gripið hefur verið til atkvæðagreiðslu telst ákvörðun samþykkt ef aukinn meirihluti (tveir þriðju) nefndarmanna ráðgjafarnefndar EES er fylgjandi henni, að því tilskildu að einnig sé um að ræða einfaldan meirihluta atkvæða meðal fulltrúa efnahags- og félagsmálanefndarinnar annars vegar og ráðgjafarnefndar EFTA hins vegar.
2. Atkvæðagreiðsla getur farið fram með nafnakalli fari einn tíundi viðstaddra nefndarmanna fram á það.
3. Nefndarmönnum er heimilt að gera grein fyrir atkvæði sínu og skal greinargerð þeirra skráð í fundarskýrslu fundarins.

### 13. gr.

#### Birting

1. Skýrslur og ályktanir skulu sendar til stofnana EES sem annast ákvarðanatöku, og hlutaðeigandi stofnana ESB og EFTA, og birtar á öllum opinberum tungumálum EES í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.
2. Skrifstofur nefndanna tveggja skulu annast dreifingu skýrslna og ályktana, einkum til evrópskra fag- og stéttasamtaka.

**14. gr.****Dagskrá**

1. Forsætisnefndin gerir dagskrá fyrir fundi og skal í því sambandi taka tillit til þeirra málefna sem eru til umræðu á vettvangi EES og tillagna frá nefndunum tveimur og nefndarmönnum sjálfum.
2. Dagskráin skal samþykkt við upphaf hvers fundar. Í fundarlok er heimilt að ræða málefni undir dagskrárlíðnum „önnur mál”.

**15. gr.****Fundir forsætisnefndar**

1. Meginreglan er sú að forsætisnefndin fundar fjórum sinnum á ári. Tveir þessara funda skulu haldnir rétt fyrir allsherjarfundi ráðgjafarnefndar EES.
2. Forsætisnefndin getur jafnframt fundað á öðrum tímum ef um aðkallandi málefni er að ræða.
3. Forsætisnefndin skal funda á sama stað og allsherjarfundurinn er haldinn eða í höfuðstöðvum efnahags- og félagsmálanefndarinnar eða ráðgjafarnefndar EFTA.

**16. gr.****Framsögumenn og vinnuhópar**

1. Til að tryggja að ályktun eða skýrsla frá ráðgjafarnefnd EES sé samþykkt tímanlega getur allsherjarfundur eða forsætisnefndin ákveðið að skipa framsögumann og koma á vinnuhópi honum til aðstoðar við gerð tillagna sem leggja á fyrir allsherjarfundinn.
2. Meginreglan er sú að vinnuhópar eru skipaðir þremur þátttakendum sem efnahags- og félagsmálanefndin skipar og þremur sem ráðgjafarnefnd EFTA skipar. Nefndirnar sem að skipuninni standa geta hvenær sem er skipað aðra þátttakendur í þeirra stað.
3. Vinnuhópar skulu ekki funda oft en þrisvar sinnum. Fundi skal halda í höfuðstöðvum efnahags- og félagsmálanefndarinnar eða ráðgjafarnefndar EFTA. Einnig er heimilt að nota skriflega málsmeðferð.
4. Vinnuhópar geta notið aðstoðar tveggja sérfræðinga sem efnahags- og félagsmálanefndin og ráðgjafarnefnd EFTA skipa hvor um sig með hliðsjón af sérfræðipækkingu þeirra.
5. Forsætisnefndin getur einnig ákveðið að kalla til aðra sérfræðinga að tillögu þátttakenda í vinnuhópi.

**17. gr.****Skrifstofa**

1. Skrifstofur efnahags- og félagsmálanefndarinnar og ráðgjafarnefndar EFTA skulu sjá ráðgjafarnefnd EES fyrir skrifstofu með hliðsjón af fundarstað.
2. Skrifstofurnar tvær skulu samræma störf sín eins og unnt er.

**III. KAFLI****FJÁRHAGSLEG ÁKVÆÐI****18. gr.****Rekstrarkostnaður**

Efnahags og félagsmálanefndin eða ráðgjafarnefnd EFTA skal bera kostnaðinn af starfsemi ráðgjafarnefndar EES með hliðsjón af fundarstað.

**19. gr.****Kostnaður nefndarmanna**

Nefndarmenn ráðgjafarnefndar EES skulu fá kostnað vegna ferðalaga og uppihalds endurgreiddan samkvæmt reglum hvorrar nefndar um sig.

**IV. KAFLI****LOKAÁKVÆÐI****20. gr.****Tungumál**

1. Opinber tungumál ráðgjafarnefndar EES eru þau tungumál sem aðildarríki ESB og EFTA-ríkin viðurkenna sem slík.
2. Vinnumál ráðgjafarnefndar EES eru enska, franska og þýska.
3. Með tilliti til tveggja stoða eðlis EES-samningsins skal einnig nota norrænt tungumál á allsherjarfundu<sup>(1)</sup>.
4. Ef nefndarmaður ráðgjafarnefndar EES óskar eftir því að einu tungumáli verði bætt við þau sem að framan eru talin skal hann bera viðbótarkostnað sem af hlýst.
5. Forsætisnefndin getur, ef um það er beðið, heimilað óvirka notkun takmarkaðs fjölda annarra opinberra tungumála, þ.e.a.s. tungumál sem heimilt er að tala án þess að þau séu túlkuð.
6. Fjöldi tungumála sem notaður er í einstökum vinnuhópum má einnig takmarka með tilliti til þátttakenda í vinnuhópnum

<sup>(1)</sup> Ráðstafanir verða gerðar til að mæta meðfylgjandi kostnaði.

og þess kostnaðar sem af hlýst.

**21.gr.**

**Endurskoðun starfsreglna**

1. Starfsreglur þessar má endurskoða ef nauðsyn krefur.
2. Eftir að allsherjafundur hefur tekið ákvörðun um að endurskoða reglurnar mun forsætisnefndin vinna að nauðsynlegri fyrirhugaðri endurskoðun þeirra.
3. Reglurnar um atkvæðagreiðslu sem lýst er í 12. gr. skulu gilda.

Gjört í Brussel 8. febrúar 1994

Fyrir hönd ráðgjafarnefndar EES

*Susanne Tiemann*

Formaður efnahags- og félagsmálanefndarinnar

*Erik Forsman*

Formaður ráðgjafarnefndar EFTA

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### Tilkynningareglur um drög að tæknilegum reglugerðum

94/EES/47/02

- Gerð sem vísað er til í 1. lið XIX. þáttar II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagsvæðið og setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (tilskipun ráðsins 83/189/EBE)

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem hafa borist eftirlitsstofnun EFTA.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
94/9001/N	Ráðstafanir vegna brunavarna í skipum sem samningurinn um öryggi mannlífa á höfunum gildir um	Lokið
94/9002/S	Fyrirhugað hámarks magn ákveðinna varnarefnaleifa í matvælum	Lokið
94/9003/A	Breyting á lögum um lögmælifræði	Lokið
94/9004/A	Reglugerð um að veita stofnunum viðurkenningu til að framkvæma próf og gefa út vottorð sem jafngilda sannprófun	Lokið
94/9005/A	Reglugerð til framkvæmdar á tilskipun Evrópubandalagsins 90/384/EBE og 93/68/EBE	Lokið
94/9006/S	Ráðstafanir til að koma í veg fyrir vatnsmengun frá skipum sem sigla á stöðuvötnunum Mälaren og Vänern og eftir Trollhätte skipaskurðinum	Lokið
94/9007/N	Drög að reglugerð um öryggi köfunartækja	Lokið
94/9008/A	Tæknilegir samningsskilmálar vegna brúarsmíða	Lokið
94/9009/A	RVS steinríkt malbik	Lokið
94/9010/N	Drög að reglugerð varðandi öryggi búnaðar sem notaður er í flúðasiglingum	Lokið
94/9011/SF	Drög að gerð um matvæli	Lokið
94/9013/A	Búnaður til að vernda villt dýr	Lokið
94/9014/N	Endurskoðun á ADR fyrir árið 1995 - aðlögun innanlands	Lokið
94/9015/N	Drög að reglugerð um bann við framleiðslu, innflutningi, útflutningi og notkun 1,1,1-tríklórþens (metýlklóróform)	Lokið
94/9016/S	Reglugerð um skoðun samkomutjalda	Lokið
94/9017/S	Reglugerð um flutning hættulegra vara á vegum innanlands	13.12.1994
94/9018/A	Drög að reglugerð frá umhverfis-, æsku- og fjölskyldumálaráðuneytinu um landfyllingu	Lokið

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – EFTA-upprunaríki sem er aðili að EES-samningnum.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-rikkjum sem eru aðilar að EES-samningnum.

Tilvísun (1)	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils(2)
94/9019/S	Reglugerð um breytingu á reglugerðinni um vélaeldsneyti (1985:838)	Lokið
94/9020/SF	Reglugerð frá Fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um gerðarsamþykkiskröfur fyrir landfarstöðvar sem eru háðar leyfi og notaðar í lokuðum fjarskiptakerfum	Lokið
94/9021/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir notendabúnað til að tengja við almenna samnetið (ISDN) í gegnum forgangsáðgang	28.12.1994
94/9022/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir stafræn, snúrulaus símtæki á tíðnisviðinu 862-866 MHz sem nota TDMA og TDD	11.1.1995
94/9023/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir búnað fyrir leigðar símarásir	11.1.1995
94/9024/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir búnað vegna tengingar við skipulagt 2048 kílóbita/s stafrænt línakerfi í almennu fjarskiptaneti	11.1.1995
94/9025/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir einkasímstöðvar vegna tengingar við almennt fjarskiptanet	28.12.1994
94/9026/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um að afturkalla reglur fjarskiptanefndar ríkisins (STNFS 1989:7) um tæknihönnun notendabúnaðar fyrir ritsímalínur	Lokið
94/9027/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir búnað fyrir hliðrænar samtengingar radiónetsins við almenna fjarskiptanetið	11.1.1995
94/9028/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir hliðræn, snúrulaus CT1-símtæki á tíðnisviðinu 914-915/959-960 MHz	11.1.1995
94/9029/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir stafræn, snúrulaus CT2- símtæki á tíðnisviðinu 864.1-868.1 MHz	11.1.1995
94/9030/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir búnað til tengingar við 8448 kbit/s stafrænt línakerfi í almennu fjarskiptaneti	11.1.1995
94/9031/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir búnað til tengingar við fjarrita í almennu fjarskiptaneti	11.1.1995
94/9032/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur um búnað til tengingar við almennt, línuskipt gagnaflutningsnet eða leigulínur í almennu fjarskiptaneti í gegnum gagnaferjald (DCE) með tengibúnað í samræmi við tilmæli X.21 frá Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU-T)	28.12.1994
94/9033/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur um búnað til tengingar við almennt, pakkaskipt gagnaflutningsnet í gegnum gagnaferjald (DCE) með tengibúnað í samræmi við tilmæli X.25 frá Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU-T)	28.12.1994
94/9034/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaeftirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur um búnað til tengingar við leigðar 1.2-1984 kbit/s stafrænar tengingar í almennu fjarskiptaneti í gegnum gagnaferjald (DCE) með tengibúnað í samræmi við tilmæli V.24, V.35 eða V.36 frá Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU-T)	11.1.1995

(1) Ár – skráningarnúmer – EFTA-upprunaríki sem er aðili að EES-samningnum.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum.



Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
94/9035/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur um búnað til tengingar við almennt, línuskipt gagnaflutningsnet í gegnum gagnaferjald (DCE) með tengibúnað í samræmi við tilmæli X.20 a eða X.21 a frá Alþjóðafjarskipta-sambandinu (ITU-T)	11.1.1995
94/9036/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir notendabúnað til að tengja við almenna samnetið (ISDN) í gegnum grunnaðgang	28.12.1994
94/9037/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur um búnað til tengingar við 34368 kbit/s stafrænt línu-kerfi í almennu fjarskiptaneti	11.1.1995
94/9038/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir símtæki sem nota má sem skiptiborð	11.1.1995
94/9039/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur um búnað fyrir 3.1 kHz fjarskiptaþjónustu til að tengja við samnetið (ISDN) í gegnum grunnaðgang	28.12.1994
94/9040/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur um búnað til tengingar við leigðar koparlínur í almennu fjarskiptaneti	11.1.1995
94/9041/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir símtæki	11.1.1995
94/9042/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um breytingar á reglum Fjarskiptaefirlitsstofnunarinnar (TSNFS 1993:9) um kröfur vegna fjarskiptanotendabúnaðar svo og eftirlit og merkingu slíks búnaðar	28.12.1994
94/9043/S	Reglur frá Póst- og fjarskiptaefirlitsstofnuninni um tæknilegar kröfur fyrir notendabúnað með hliðrænum tengibúnaði vegna tengingar við almennt fjarskiptanet	28.12.1994
94/9044/A	RVS, breytt kantabrískt próf	8.12.1994
94/9045/A	RVS, prófun á afrennsli bikkennds bindiefnis	8.12.1994
94/9046/A	Drög að reglugerð fjármálaráðuneytisins um uppsetningu og starfrækslu gufukatla	8.12.1994
94/9047/N	Tillaga að breytingu á 1. gr. KFK-reglugerðarinnar um framleiðslu, innflutning og notkun klóróflúorkolefnis (KFK) og halóna	11.1.1995
94/9048/S	Reglugerðarákvæði og almenn ráð varðandi gerðarsamþykki og framleiðslueftirlit	27.12.1994
94/9049/A	Reglugerð landsstjórnarinnar í Vín um orkusparnað í bygg-ingum (reglugerð um hitaafköst í bygg-ingum)	30.12.1994
94/9050/A ( <sup>3</sup> ) ( <sup>4</sup> )	Reglugerð yfirvalda í Efra-Austurríki um framkvæmdarreglur varðandi byggingatæknilög í Efra-Austurríki svo og varðandi gildandi byggingaáætlun.	12.1.1995

Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á gerðinni sem vísað er til í 6. lið XIX. þáttar II. viðauka við EES-samninginn um að ekki beri að fara að tilteknum ákvæðum tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Í þessari gerð er talið að ef tæknileg reglugerð er samþykkt án þess að drögin séu send eða skyldubundin stöðvun virt, þegar þess er krafist samkvæmt ákvæðum tilskipunar 83/189/EBE, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila og málsaðilar hafi þar af leiðandi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í tilskipuninni, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins nr. C 199, 21.7.1994, bls. 8 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 22, 21.7.1994, bls. 1.

(<sup>1</sup>) Ár – skráningarnúmer – EFTA-upprunaríki sem er aðili að EES-samningnum.

(<sup>2</sup>) Eindagi fyrir athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum.

(<sup>3</sup>) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(<sup>4</sup>) Ekkert stöðvunartímabil þar sem EFTA-ríki sem er aðili að EES-samningnum hefur gripið til aðkallandi málsmeðferðar.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Drög að auglýsingu um beitingu samkeppnisreglna EB gagnvart 94/EES/47/03 greiðslumiðlunarkerfum milli landa

Framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að samþykkja auglýsingu um aðferðina sem hún ætlar að nota við mat á því hvort greiðslumiðlunarkerfi milli landa samrýmist samkeppnisreglum EB-sáttmálans. Framkvæmdastjórnin hefur til að byrja með samþykkt drögin að auglýsingu sem birtist í Stjttíð. EB nr. C 322, 19. 11. 1994.

Framkvæmdastjórnin gefur hagsmunaaðilum kost á að koma athugasemdum sínum varðandi þessi drög að auglýsingu á framfæri. Athugasemdirnar skula hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 6. janúar 1995. Þær má senda í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 07) eða í pósti, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B  
Avenue de Cortenberg 150  
B - 1049 Brussels

### Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.512 - UAP/Provincial)

94/EES/47/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 11. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.513 - Rhône-Poulenc Italia/Ambiente)**

94/EES/47/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 11. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2745/94 frá 11. nóvember 1994 um kerfi til að hafa eftirlit með sendingum ákveðinna landbúnaðarafurða til Noregs frá öðrum aðildarríkjum**

94/EES/47/06

Framkvæmdastjórnin birti reglugerð (EB) nr. 2745/94 frá 11. nóvember 1994 um kerfi til að hafa eftirlit með sendingum ákveðinna landbúnaðarafurða til Noregs frá öðrum aðildarríkjum í Stjtið. EB nr. L 292, 12. 11. 1994. Með reglugerðinni er komið á, til þriggja ára, kerfi til að hafa eftirlit með sendingum ákveðinna landbúnaðarafurða til Noregs frá öðrum aðildarríkjum til að greina tímanlega hverskonar hættu á röskun á norskum markaði sem gæti stofnað í hættu nauðsynlegri endurskipulagningu á iðnaði sem annast framleiðslu á þessum afurðum (sjá nánari útlitun í fyrrnefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 1994 um aðra breytingu á ákvörðun 94/462/EB um tiltekna verndarráðstafanir vegna svínapestar í Þýskalandi og niðurfellingu á ákvörðun 94/178/EB**

94/EES/47/07

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 14. nóvember 1994 um aðra breytingu á ákvörðun 94/462/EB um tiltekna verndarráðstafanir vegna svínapestar í Þýskalandi og niðurfellingu á ákvörðun 94/178/EB í Stjtið. EB nr. L 295, 16. 11. 1994. Framkvæmdastjórnin hefur breytt nógildandi ráðstöfunum að því er varðar skilyrði fyrir flutningi á lifandi svínum (sjá nánari útlitun í fyrrnefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 1994 um merkingu og notkun svínakjöts við beitingu 9. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE**

94/EES/47/08

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 14. nóvember 1994 um merkingu og notkun svínakjöts við beitingu 9. gr. tilskipunar ráðsins 80/217/EBE í Stjtið. EB nr. L 295, 16. 11. 1994. Í ákvörðuninni er kveðið á um hvernig Belgía getur merkt og notað svínakjöt af svínum sem koma frá bújörðum sem eru á eftirlitssvæðinu sem komið var á 6. október 1994 í kringum staðinn þar sem svínapest kom upp í bæjarfélaginu Nevelle (sjá nánari útlitun í fyrrnefndum Stjtið. EB).

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

## Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 94/EES/47/09 Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlanirnar sem Breska konungsríkið lagði fram til að styðja ráðgjafarþjónustu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, ríkisaðstoð nr. NN 94/94, 95/94, 96/94 og 97/94 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 314, 12.11.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Breska konungsríkið lagði fram vegna KONVER áætlunarinnar, ríkisaðstoð nr. N 171/94 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 314, 12.11.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til til að styðja ráðstafanir varðandi eftirlit með úrgangi í Saxlandi, ríkisaðstoð nr. N 292/94 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 314, 12.11.1994).

## Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. nóvember 1994 um 94/EES/47/10 breytingu á ákvörðun 93/402/EBE um heilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð sem krafist er vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af héruðunum Chaco og Formósu (Argentínu) og ríkinu Santa Katarínu (Brasilíu)

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 11. nóvember 1994 um breytingu á ákvörðun 93/402/EBE<sup>(1)</sup> um heilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð sem krafist er vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af héruðunum Chaco og Formósu (Argentínu) og ríkinu Santa Katarínu (Brasilíu) í Stjttíð. EB nr. L 292, 12.11.1994. Aðildarríkin skulu, í fjórtú og fimm daga eftir að þeim hefur verið tilkynnt um ákvörðunina, heimila innflutning á nýju kjöti frá Argentínu og Brasilíu, sem er framleitt og vottað í samræmi við skilyrðin í ákvörðun 93/402/EBE, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 94/335/EB<sup>(2)</sup> (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð).

## Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni 94/EES/47/11 (Mál nr. IV/34.861 - Morton-Bosch)

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. september 1993 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(3)</sup>, sem verður myndað af Morton International Inc., Bandaríkjunum og Robert Bosch GmbH, Þýskalandi. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið, sem komið verður á fót í Þýskalandi, mun þróa, framleiða og markaðssetja um allan heim fullkomið sjálfvirkt loftstuðpúðakerfi. Morton mun leggja af mörkum sérfræðiþekkingu sína á einingum sem í eru þrýstiloftsdelur, en Bosch mun láta í té sérfræðiþekkingu sína á einingum í rafeindastýriverk.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 179, 22.7.1993, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 148, 15.6.1994, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 322, 19. 11. 1994. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 00) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/34.861, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate D - Office 1/57  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Orðsending um beitingu 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans gagnvart flokkum samninga og samstilltra aðgerða 94/EES/47/12**

Framkvæmdastjórnin mun 31. janúar 1995 halda áheyrnarfund um drög að reglugerð (EB) um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um miðlun tækniþekkingar sem birtust í Stjtið. EB nr. C 178 frá 30. júní 1994. Í því tilefni gefur framkvæmdastjórnin öllum hagsmunaaðilum kost á að mæta og láta í ljós álit sitt og senda skriflegar athugasemdir varðandi drögin, hafi þeir ekki þegar gert það, innan eins mánaðar frá birtingardegi þessarar orðsendingar í Stjtið. EB nr. C 322, 19. 11. 1994, til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition  
Directorate for General Competition Policy and Coordination  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

Þar sem rými er takmarkað getur farið svo að framkvæmdastjórnin verði að takmarka fjölda þátttakenda.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 24. 10. til 4. 11. 1994**

94/EES/47/13

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- ufjöldi
COM(94) 429	CB-CO-94-453-EN-C <sup>(1)</sup>	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini	24.10.1994	24.10.1994	5
COM(94) 441	CB-CO-94-464-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um aðstoð sem Noregur, Austurríki og Finnland geta veitt vegna búpenings og landbúnaðarafurða í eigu einkaaðila þann 1. janúar 1995	21.10.1994	24.10.1994	14
COM(94) 356	CB-CO-94-371-EN-C	Aðgerðir Evrópubandalagsins til að varðveita menningu - Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins  Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um áætlun til að styðja við lista- og menningarstarfsemi sem tengist Evrópu (Kaleidoscope 2000)  Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um stuðningsáætlun um bækur og lestur (Ariane)	27.7.1994	25.10.1994	55
COM(94) 455	CB-CO-94-477-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um notkun staðla fyrir sjónvarpsmerkjasendingar (svo og niðurfelling tilskipunar 92/38/EBE)	25.10.1994	25.10.1994	18
COM(94) 440	CB-CO-94-501-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni - Grænbók um afhám hafta varðandi grunngerð fjarskipta og kapalsjónvarpsstöðvar (Fyrsti hluti: Meginreglur og tímaáætlun)	25.10.1994	28.10.1994	44
COM(94) 459	CB-CO-94-483-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3676/93 um leyfilegan heildarafla, hvað varðar tiltekna fiskistofna og hópa fiskistofna, fyrir árið 1994 og við hvaða skilyrði er heimilt að veiða úr þeim	26.10.1994	28.10.1994	9
COM(94) 466	CB-CO-94-495-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins - Endurskipulagning á stáliðnaði bandalagsins: Endanlegt mat og niðurstöður	25.10.1994	28.10.1994	10
COM(94) 435	CB-CO-94-456-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar Hringborðsumræður háttsettra fulltrúa á sviði bankamála	28.10.1994	3.11.1994	35
COM(94) 467	CB-CO-94-490-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um sameiginlega skipulagningu markaðar fyrir nauta- og kálfakjöt (samsteyptur texti)	3.11.1994	4.11.1994	45
COM(94) 469	CB-CO-94-492-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um fjargagnaflutningsbúnað fyrir flutningastarfsemi í Evrópu	4.11.1994	4.11.1994	43

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíða útföldi
COM(94) 470	CB-CO-94-496-EN-C	<p>Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að ákveða viðmiðunarverð fyrir fiskafurðir sem skráðar eru í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3759/92 fyrir fiskveiðiárið 1995</p> <p>Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að ákveða viðmiðunarverð fyrir fiskafurðir sem skráðar eru í I. viðauka, A-, D- og E-hluta, við reglugerð (EBE) nr. 3759/92 fyrir fiskveiðiárið 1995</p> <p>Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að ákveða verð framleiðenda í bandalaginu á túnfiski til iðnaðarframleiðslu á vörum sem CN kóði 1604 gildir um, fyrir fiskveiðiárið 1995</p>	4.11.1994	4.11.1994	20
COM(94) 472	CB-CO-94-497-EN-C	<p>Skýrsla frá framkvæmdastjórninni til ráðsins um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2990/82 um sölu á smjöri á niðursettu verði til einstaklinga sem njóta félagslegrar aðstoðar</p> <p>Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2990/82 um sölu á smjöri á niðursettu verði til einstaklinga sem njóta félagslegrar aðstoðar</p>	3.11.1994	4.11.1994	8
COM(94) 474	CB-CO-94-499-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að setja nákvæmar reglur um beitingu eftirlitskerfis fyrir viðskipti með tiltekna fiskafurðir frá Noregi	3.11.1994	4.11.1994	16

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/47/14

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
94-0260-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „fólkslyftur, farmlyftur, vörulyftur“ - TRA 200 -	6.12.1994
94-0261-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „fólkslyftur, farmlyftur, vörulyftur“ - TRA 200 -	6.12.1994
94-0262-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „einfaldaðar vörulyftur, gámalyftur, neðanjarðarlyftur“ -TRA 300 -	6.12.1994
94-0263-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „einfaldaðar vörulyftur, gámalyftur, neðanjarðarlyftur“ -TRA 300 -	6.12.1994
94-0264-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „litlar vörulyftur“ - TRA 400 -	6.12.1994
94-0265-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „litlar vörulyftur“ - TRA 400 -	6.12.1994
94-0266-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „verksmiðjulyftur“ - TRA 600 -	6.12.1994
94-0267-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „vinnulyftur utanhúss með vélvirkum lyftibúnaði“ - TRA 900 -	6.12.1994
94-0268-D	Tæknilegar reglur varðandi lyftur „byggingalyftur sem einnig má nota til fólksflutninga“ - TRA 1100 -	6.12.1994
94-0269-D	Formlegur titill: Tæknilegar reglur varðandi lyftur „byggingalyftur sem einnig má nota til fólksflutninga“ - TRA 1100 -	6.12.1994
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls.8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.



**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.505 - Shell/Monteshell)****94/EES/47/15**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. nóvember 1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Shell Italia SpA öðlast heildaryfirráð yfir Monteshell SpA.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Shell Italia: Framleiðsla og heildsala á smurolúu, fljótandi jarðolúgasi, öðrum jarðolúafurðum, kemískum efnum og tengdum afurðum
  - Monteshell: Smásala á vélareldsneyti, smurolúu og fljótandi jarðolúgasi, útvegum á jarðbiki, öðrum afleiðum vetniskolefnis og tengd vörustýring og þjónusta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 325, 23. 11. 1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.505 - Shell/Monteshell, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/C-2/35167 - Dupont/Rhône-Poulenc)****94/EES/47/16**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. nóvember 1994 sameiginleg tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(2)</sup>, myndað af E.I. du Pont de Nemours and Company og Rhône-Poulenc til að framleiða adipýru í Chalampe, Frakklandi.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
4. Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 325, 23. 11. 1994. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/C-2/35167, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate D - Office 1/57  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

## LEIÐRÉTTING

**Leiðrétting á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 94/EES/47/17  
9. nóvember 1994 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar  
92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísna  
og viðurkenndir eru í þriðju löndum vegna útflutnings  
nautgripafósturvísna til bandalagsins**

(EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 46, 17. 11. 1994)

Í þriðju línu í 94/EES/46/04 bls. 2:

komi „... í Stjtíð. EB nr. L 294, 15. 11. 1994.“.

í stað „... í Stjtíð. EB nr. L 292, 12. 11. 1994.“.